

- | -

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað og umdæmi V árið 1932.

Skógurinn: Grisjað var á þessum skógarteigum og höggvið á hverjum þeirra, sem hér segir:

Á No.		Hrís.	Efnib.
1.	Svæðinu milli Ljósár og Jökull.	hestb.	hestb.
- -	2. Vörðuhrauni.		11.00 -
- -	3. Sv. milli Kerlingarár og Atlavíkurl.	70-	17.00 -
- -	4. - - - Staðarár og Kerlingarár.	42-	2.00 -
- -	5. Hólunum.	882-	5.53 -
- -	8. Partinum.	163-	
		<hr/>	
		Samtals: 1.157,00	39.03 -

Ógrisjuðu svæðin í Hólunum fara nú að minka. Í Flataskógi og Lýsishól var ekkert grisjað á þessu ári. Í Lýsishólum er skógurinn orðinn þéttur. Þar hefur ekki verið grisjað, svo stljandi sé síðan 1911 eða 1912.

Ársvöxtur: Árið var gott fyrir skóginn. Veturinn í fyrra var einmuna mildur. Vorid kom snemma. Skógurinn var orðinn algrænn 1. júní. Júnímánudur var að vísu afskaplega þurrviðrasumur. Hvað svo ramt að þurkunum að græsvöxtur stóð í stað um tíma og beið eftir rigningunni. Eins var um skóginn. En hvortveggja náði sér þegar væturnar komu. Lengstu ársprotar urðu . Mestur hæðarvöxtur varð 55 cm.

Maðkur var dálítill meðan á þurkunum stóð, en hvarf þegar kom fram í júlí. Á sumum skógarteigunum bar þó mjög lítið á honum t.d. Partinum. Mest hvað að honum í Atlavíkinni og Vörðuhrauni.

Frævöxtur varð lítil á birki, þrátt fyrir gott vor og sumar. Ef til vill hafa þurkarnir í júní átt sinn þátt í því. Aftur á móti spratt reynifræ með besta móti. Af birkifræi var safnað ca. 10 kg. hér í skóginum. Af reynifræi ca. 20 kg. af óþurrukudu fræi hér í skóginum, og í Kanaskógi. Ribsber þroskuðust með fyrra móti. Bláber og hrútaber spruttu allvel.

Girðingin: Bilanir eftir veturinn voru allmiklar, þó veturinn væri snjóléttur mjög, nema í janúramánuði. Tréstaumar í girðingunni voru margir endurnýjaðir, með staurum úr skóginum. Titlingssselshliðið var lagað og steypt í kring um hliðarstólpana.

Græðireiturinn: Sáð var reynifræi, en engu birkifræi.

Dreyft var (prikað) í græðireitrum:

Birki	4.400 stk.
Víðir	540 -
Reynir	1.900 -
Ribs	250 -
<hr/>	
Samtals:	7.090 stk.

Þar af var (umprikað) endurdreyft ca. 500 af birki og 550 plöntum af reyniviði.

Selt var úr græðireitnum af þessum tegundum og tölum:

Birki	924 stk.
Reynir	429 -
Víðir	506 -
Furu	18 -
Greni	8 -
Lævirkja	1 -
Ribs	12 -
<hr/>	
Samtals:	1.898 stk.

Sendar skógræktarstj.

Birki	200 -
Reynir	200 -
<hr/>	

Alls teknað úr græðir. 2.298 stk.

Ór skóginum voru seldar birkiplöntur með hnaus, 287 samtals. Alls seldar 2185 plöntur. Alls látnar úti 2585 plöntur.

Af þeim voru:

Birki	1.411 stk.
Reynir	629 -
Víðir	506 -
Bláfura	18 -
Greni	8 -
lævirki	1 -
ribs	12 -
<hr/>	
Samtals:	2.585 stk.

Sumarið var gott og framför góð. Reyniviðarfræið frá í fyrra kom vel upp. Á birkiplöntunum frá í fyrra þar á ryðsvepp, á öðrum birkiplöntum varð hans ekki vart. Barrtrjám fór vel fram. Ársvöxtur á skógarfuru var 55 cm. lævirkjartré 72 cm. á hvítgreni 60 cm. Öll beð með smáplöntum voru þakin í haust með laufi og mosa. Hvergi þar á kalli ektir veturinn, enda var vorið gott.

Skuggagrendurnar sem nú eru orðnar mjög gamlar, eru að verða ónýtar. Þarf að endurnýja þær nú á næstunni.

Byggingar: Bærinn á Skógarstöðum, sem brann í fyrra var endurnýjaður og fluttur niður á Buðlungsvelli. Svo nú heitir bærinn Buðlungavellir. Þar var bærinn áður, allt fram á 19 öld. Húsið sem reist var á Buðlungavöllum er $12\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ alin. Niðri eru 4 íbúðarherbergi og forstofa, en á lofti er ópiljað sundur og verður notað sem geymsla. Kjallari er undir parti af húsinu, hlaðinn úr grjóti. Grunnurinn er steyptur ofan á púkka sem hvílir á föstum grunni. Utan á grindinni er klæðning og tjörupappi. Framvegis þarf að járnklæða veggina. Innan á grindinni er pappi og þanell. Skilrúm eru tvöföld. Innan í grindina er stoppað með torfi. Þakið er úr bordum, pappa og járnklætt. Reykháfur er úr steinsteypu. Húsið er enn ómálað innan. Skógræktin lagði til kr. 1200 til byggingarinnar, að öðru leiti ber ég kostnaðinn, fyrir utan það sem fékkst úr brunabótasjóði, sem voru kr. 567.00.

Hér heima á Hallormsstað var steypt salernispró og byggt salerni yfir hana úr gömlu timbri, Keypt veggjóður á tvö herbergi. Annað var ekki gert að bygginguk hér.

Mjóafjarbargirðing: Gert var við girðingunna í Firði í Mjóafirði. Meldur hefur kjarrinu þar farið fram hin síðari ár, en mjög fer það lægt, enda er snjöpungi þar mjög mikill á vetrum og fer illa með girðingunna.

Bæjarstaðaskógur í Öræfum: Þórhallur Jónsson frá Skaptafelli í Öræfum safnaði í haust fræi í Bæjarstaðaskógi. Ringað komið vóg fræið 20 kg, en við úrsiktun gengu frá 2 kg. Hann fær því greitt fyrir 18 kg. Fræið var að sjá mjög vel þroskað og reynist eflaust vel eins og áður. Dálitlu safnaði sami maður af reynifræi og sendi hingað. Birkifræið hafði verið 25 kg. ópurrað.

Ferðir fór ég engar á árinu, norar en ferðina til Mjóafjarðar.

Hallormsstað 19. janúar 1933,
Guttormur Pálsson.